

Sumarlokanir fara yfir mörk almennilegrar þjónustu

ÞAD hefur alltaf verið reynt að spara í geðheilbrigðisþjónustunni en það er nýtt að það skuli vera lokað og skorið niður á geðdeildum eins og verið hefur tvö síðastliðin ár. Þetta er mjög viðkvæmur málaflokkur og út frá heilbrigðisþjónustusjónarmiði skilur maður ekki rökin fyrir því hvernig hægt er að skera niður í þessum málaflokki, þvert á móti. Ég tel að um leið og menn fara að velta vöngum yfir geðheilbrigðismálum komi í ljós að þessi málaflokkur kallar á fé til uppbyggingar.

Hvað áttu við með að það vanti fé til uppbyggingar?


„Það er alveg dagljóst og hefur verið sýnt fram á af Tómasi Helgasyni yfirlækni og fleirum að bráðamóttökum og innlagnarplássum á geðdeildum er ekki hægt að fækka. Þá er ekki lengur hægt að tala um um almennilega geðheilbrigðisþjónustu. Með sumarlokununum er farið yfir þau mörk og menn hafa reiknað út að það sparast ekkert. Þegar deildirnar taka aftur til starfa þá kemur holskeflan og þá verður dýrara og erfiðara að leysa úr þeim vandamálum sem hafa safnast upp.

Það er samt verst í þessum málum að utan sjúkrahúsa er þjónusta við geðfatlaða, þ.e. hjúkrunarþjónusta og samfélagsþjónusta, nánast engin hér á landi. Þess vegna er ekkert sem tekur við eftir sjúkrahúsvist. Sjúklingar eru útskrifaðir á götuna eða til foreldra og aðstandanda sem geta ekki gíft við þennan sjúkdóm. Sjúklingar geta misst veruleikaskyn og það getur verið erfið að tjónka við þá og oft eru þeir sínum nánustu erfiðastir þegar þeir eru veikir. Þess vegna þarf að vera til staðar stuðningur við aðstandendur. Þeir þurfa fræðslu, stuðning og aðstoð inn á heimilin, þar sem lífið fer oft allt að snúast um sjúklinginn með þeim afleiðingum að álagið á fólkið verður gífurlegt.

Fjölskyldur geðfatlaðra hafa ákveðna sérstöðu umfram fjölskyldur annarra sjúklingahópa. Staða þeirra er mjög erfið og þær ráða illa við að hafa mjög veika einstaklinga hjá sér. Geðfatlaðir veikjast yfirleitt ungir og búa í foreldrahúsum. Fjárhagsaðstæður aðstandenda þeirra eru aðrar og alvarlegri en aðstandenda annarra sjúklingahópa. Þeir hafa t.d. oft þurft að hlaupa undir bagga og greiða skuldir sjúklingsins. Það fylgir því einnig að geðsjúkir veikjast ungir að þeir hafa ekki náð starfsreynslu eða réttindum úr lífeyrissjóðum stéttarfélags. Þeir hafa því oft engar aðrar bætur en bætur Tryggingastofnunar og geðsjúkir eru í dag nálægt fjórðungur lífeyrisþega stofnunarinnar.

En þótt aðstandendurnir eigi mjög erfið um vik, þá heyrast ekki mikið í þeim opinberlega. Þótt þeir séu oft tilbúnir til að koma fram opinberlega og tala sínu máli þá er sjúklingurinn sjálfur ekki tilbúinn til þess og þá er það ekki gert. Þarna eru viðkvæm mál á ferðinni; þetta starf fer fram í kyrrþey.

Annað málefni geðfatlaðra, sem



Ingólfur H. Ingólfsson

► Ingólfur H. Ingólfsson er fæddur árið 1950 á Akureyri. Eftir stúdentspróf frá MA, stundaði hann nám í félagsfræði í Þýskalandi og lauk mastersprófi frá Universitæt Bremen. Hann réðist til starfa hjá Tryggingastofnun ríkisins árið 1981 og starfaði þar um tíma og var í einkarekstri um skeið en hefur starfað að málafnum fatlaðra frá 1988 og verið framkvæmdastjóri Geðhjálpar frá áramótum. Eiginkona Ingólfs er Bärbel Schmid félagsráðgjafi. Þau eiga tvö börn.

ekki er sinnt, er endurhæfing og atvinnumál. Í þeim efnum er ekkert til hér á landi nema iðjuþjálfun á geðdeildum. Þegar henni lýkur tekur nánast ekkert við og þó er fólkið flest á vinnufærum aldri.“

Ingólfur segir að þrátt fyrir lokanir í sumar, þegar tveimur deildum með um 30 rúmum er lokað, reyni sjúkrahúsin að taka við bráðveiku fólki, en það sé þá á kostnað þess að í staðinn þurfi að útskrifa aðra sjúklinga af fjótt, á götuna eða til aðstandenda þeirra.

Samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið rekur Geðhjálpar stuðningsþjónusta fyrir 30 geðfatlaða einstaklinga og Ingólfur segir að hvað þá varðar sé staðan önnur en lýst hefur verið varðandi þá sem búi á heimilum fjölskyldna sinna eða hafi ekki í nein hús að venda. „Það er lykilorðið í okkar þjónustu að sjúklingar komist inn á geðdeild þegar þeir veikjast – þeir útskrifast venjulega fljótlega og koma til okkar aftur – en þegar deild-

Þótt aðstandendur eigi erfið heyrast lítið í þeim

um er lokað eins og núna þá er þetta nánast ekki hægt. Þetta er þó ekki eins alvarlegt hjá okkur og sú staða er sem getur komið upp hjá einstaklingum úti í bæ.

Ef sú þjónusta sem við veitum væri ekki fyrir hendi þá væri a.m.k. 1/3 þessara 30 einstaklinga inni á geðdeildum – sumir í langtímameðhöndlun árum saman. Jafnstór hópur væri í reiðileysi á götum úti.

Í þessari þjónustu kostar hvert rúm 1.000 krónur á sólarhring samanberði við rúm í bráðþjónustu sem kostar 26 þúsund krónur á sólarhring.

Þannig að þótt það þurfi að leggja töluvert fjármagn í samfélagsþjónustu og utanspítalþjónustu þá er það fjármagn sem er farið vel með.“